

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 6. febrúar 2017
UST201612-129/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis að Básam í Þórsmörk, Rangárþingi eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðis að Básam í Þórsmörk, Rangárþingi eystra. Svæðið nær yfir aðstöðu Útivistar, óbyggðs svæðis austur frá þeirri aðstöðu og austur að Strákagili. Deiliskipulagið tekur til um 38 ha svæðis.

Í erindinu kemur fram að deiliskipulagstillögurnar voru auglýstar vorið 2015 en vegna tímafresta var nauðsynlegt að auglýsa þær aftur.

Skipulagssvæðið – náttúruminjasvæði

Tillaga að deiliskipulagi tekur til um 38 ha svæðis sem nær yfir Bása í Þórsmörk. Þórsmörk er svæði nr. 714 á náttúruminjasrá og þar segir um svæðið: *Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*

Áætlaðar lóðir og byggingar

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 6 misstórum þjónustulóðum með byggingarreitum. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 300 m². Lóð L-1 er 9,8 ha og þar eru áætlaðir 5 byggingarreitir, þar af byggingar nú þegar á 3. Lóðir L-2, L-3, L-4 og L-5 eru 0,26 – 0,29 ha að stærð. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir byggingarreitum þar sem vex upprunalegur birkiskógur. Á lóð L-1 eru nú þegar byggingar, þannig að birkiskógur hefur þegar verið ruddur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skilgreina nýja byggingarreiti þannig að rask og ruðningur birkiskógar verði sem minnstur.

Frágangur lóða og Ræktunarsvæði

Í greinargerð kemur fram að heimilt sé að planta í lóðamörk m.a. annars til að auka skjól og bæta útivist, og skuli plöntuval vera í samráði við Skógrækt ríkisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að

við gróðursetningu verði valdar íslenskar tegundir og að þess sé gætt að gróðursettar plöntur falli vel að þeim gróðri sem fyrir er, sbr. 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er fjallað um ræktunarsvæði, en þar kemur eftirfarandi fram: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta eftirtalin vistkerfi sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. laganna: a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,

b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógur og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

Skv. sömu lögum njóta eftirtalдарjarðminjar sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.


laganna: a. eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,


b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Upprunalegur birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að á svæði því er deiliskipulagstillagan nær til vex mikið af upprunalegum birkiskógi. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að birkiskógi í Þórsmörk verði hlíft við raski og ruðningi eins og frekast er kostur. Eins og fram kemur hér að ofan er ein af ástæðunum fyrir því að Þórsmörk er á náttúruminjaskrá, skóglendi í skjóli jökla. Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógur eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að starfsemi á tjaldsvæðum rýri ekki upprunalegan birkiskóg, og þess sé gætt að álag vegna starfseminnar verði ekki of mikið.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri